

Fundur í stjórn foreldrafélags Naustakóla haldin 31.október 2022 kl.20 í sal Naustaskóla.
Mættar: Anna Lilja, Anna Sóley, Elísa, Fanney, Heiða, Ingibjörg, Kristín og Rósa.
Fjarverandi: Sigurveig og Thelma.

1. Stjórn barst bréf frá foreldri f.h. hóps foreldra í einum bekk þar sem vangaveltur varðandi hádegismat skólans er komið á framfæri. Samþykkt að haldin verði fundur með foreldrahópi, fulltrúum úr stjórn og skólastjórnendum. Fanney svarar f.h. stjórnar.
2. Stjórn er búin að ítreka beiðni um samantekt frá skólastjórnendum á hópefli sem 6.-10. bekk fengu. Óskað hefur verið eftir samantekt þar sem fram kæmi tilgangur hópeflis, markmið, framkvæmd og hvernig á að vinna áfram með það sem fram kom.
3. Ekkert hefur enn heyrst frá fulltrúum Heimilis og skóla varðandi sameiginlegan fund með stjórn og skólastjórnendum um hvernig megi bæta samstarf foreldra og skólasamfélags.
4. Stjórn samþykkir að greiða 60 þúsund krónur vegna danskennslu/hópeflis fyrir 1.-5.bekk sem stefnt er á að bjóða upp á 12.janúar 2023.
5. Aðalfundur SAMTAKA verður haldin miðvikudaginn 2.nóvember. Kristín og Elísa verða fulltrúar foreldrafélagsins og munu báðar mæta á aðalfund.
6. Hugmynd að "opnu húsi" fyrir foreldra og börn á vegum foreldrafélags. Ákveðið að bjóða upp á piparköku-málun 16.nóvember næstkomandi. Ingibjörg og Kristín ætla að sjá um innkaup fyrir kvöldið. Fanney sendir tölvupóst til Öllu varðandi það að birta í fréttabréfi nóvember-mánaðar.
7. Framkvæmd og skipulag Hrekkjavökuballs rædd.
8. Innihald föstudagspósta rædd, mögulega mætti bæta upplýsingaflæði t.d. varðandi námsefni sem verið er að vinna með.
9. Skólaráðsfundur, Fanney mætir með Rósu á næsta fund.
10. Umræður um val utan skóla.

Fundi slitið 21.30